

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl., fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni, vill samþykkja frv. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði fellt.

Efni frv. þessa er það að hækka útflutningsgjald af saltfiski, humar og saltsild um upphæð, sem áætlað er að nemi 42 millj. kr. á ári. Skal sú upphæð renna til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, en þau hafa farið stórhækkandi á undanförnum árum. Er hér aðeins um að ræða brot af því fé, sem tryggingasjóð fiskiskipa skortir til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Auk þess sem sjóðurinn skuldar allverulegar upphæðir frá fyrra ári, er hallinn á rekstri sjóðsins árið 1968 áætlaður 103 millj. kr.

Hér er um að ræða vandamál, sem allt of lengi hefur dregizt að leysa. Fyrirhugaðar hækkunir á útflutningsgjaldi leysa þetta vandamál ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Málið verður að taka fyrir í heild og finna viðhlítandi lausn, sem orðið getur til frambúðar.

Við teljum hækkun á útflutningsgjaldi sjávarafurða fráleita ráðstöfun og í hæsta máta varhugaverða. Einkum er hætta á, að hin stórfellda hækkun á útflutningsgjaldi af saltsild geti haft alvarlegar afleiðingar, dregið verulega úr líkum fyrir því, að síldveiðar verði stundaðar með árangri á komandi vertíð. Teljum við sérstaklega háskalegt, ef Alþingi raskar með skattlagningu þeim skiptakjörum, sem sjómenn hafa samið um við útgerðarmenn.

Þegar hafa borizt harðorð mótmæli gegn frv. þessu frá síldarútvegsnefnd, Samtökum síldveiðisjómanna og félögum síldarsaltenda. Í mótmælabréfi síldarútvegsnefndar segir:

„Síldarútvegsnefnd vill mjög eindregið og ákveðið mæla gegn hækkun útflutningsgjalda af saltsild, sem felst í frumvarpi þessu.

Nefndin telur, að þessi hækkun geti leitt til þess, að þessi atvinnuvegur, sem hingað til hefur þjargazt án opinberra styrkja, lamist svo, að hann falli niður að mestu.“

Þá vitnar síldarútvegsnefnd til bréfs, er hún hafði ritað sjávarútvegsráðgjafuráðherra, en jafnframt sent Efnahagsstofnuninni og Seðlabanka Íslands. Síðan segir:

„Í bréfi þessu varar nefndin alvarlega við því, að nokkrar ráðstafanir verði gerðar til þess, að þessi útflutningsgrein verði lögð í einelti með auknum álögum. Allar þessar aðvaranir og ábendingar síldarútvegsnefndar virðast virtar að vettugi. Það er furðulegt, að ekki skuli haft í neinu samráð við nefndina eða hlustað á tillögur hennar og aðvaranir, þegar þess er m. a. gætt, að í nefndinni eru fulltrúar útvegsmanna, sjómanna og verkamanna, síldarsaltenda og auk þess þrír fulltrúar þingkjörnir.“

Stjórn Samtaka síldveiðisjómanna segir í mótmælabréfi sínu:

„Stjórn Samtaka síldveiðisjómanna telur ekki hægt að leggja aukin útflutningsgjöld á sjávarafurðir okkar, þegar við eigum í síaukinni samkeppni með sölu þeirra við aðrar þjóðir. Saltsíldarmarkaðurinn er mjög þröngur, og þar gætir stóruaukinnar samkeppni frá öðrum þjóðum. Á sama tíma og Norðmenn styrkja sinn saltsíldariðnað með 30 norskum krónum pr. tunnu (á þriðja hundrað ísl. kr.) á að stórauka útflutningsgjöld á íslenskri saltsíld, sem við seljum á sama markað og þeir. Við það bætist, að útlit er fyrir, að við þurfum að veiða síldina austur undir Noregi, sem hefur í för með sér stóraukinn kostnað og minni afla.

Á síðasta ári varð stórfelld verðlækkun á síld til bræðslu, samfara minni afla. Við það versnaði afkoma sjómanna svo, að nú eru orðin mikil vandræði á að manna stærstu bátana og fyrirsjáanlegt er, að auknir örðugleikar verða á að fá sjómenn til síldveiða í sumar, þrátt fyrir minni atvinnu í landi en verið hefur. Viljum við benda á, að með hækkun á útflutningsgjaldi er verið að raska þeim skiptakjörum, sem verið hafa milli útgerðar og sjómanna. Viljum við vara við þeim afleiðingum, sem af því geta hlotizt. Von okkar var sú, að með hækkun verði á síld til söltunar sköpuðust möguleikar á söltun um borð í fiskiskipunum, sem gæfi auknar tekjur til sjómanna og útgerðar, og við héldum okkar dýrmætu saltsíldarmörkuðum. En ef það frumvarp, sem hér um ræðir, verður að lögum, sjáum við ekki, hvernig hægt verður að fá það verð, sem nauðsynlegt er til að manna fiskiskipin til síldveiða á komandi sumri.“

Alþingi, 16. apríl 1968.

Gils Guðmundsson, Ólafur Jóhannesson.
frsm.